

Reglugjörð

101
13. okt.

fyrir Mýrasýslu um hreinsun hunda af bandormum og aðrar varnir gegn sullaveiki.

1. gr.

Alla hunda í sýslunni, 2 mánaða eða eldri, skal hreinsa svo vel sem auð-ið er af bandormum, eftir leiðarvisi, er sýslunefndin semur. Hreinsun sú fer fram í nóvembermánuði ár hvert. En auk þess getur sýslunefndin fyrirskipað aðra alsherjarhreinsum hunda, þá er henni þykir ástæða til.

2. gr.

Búandi hver og húsráðandi annast um hreinsun hunda á heimili sínu, bæði heimahunda og flækingshunda, er þar eru staddir á hreinsunardegi, en hefir viðstaddan einhvern afbæjarmann, er geti vitnað um hana.

3. gr.

Sýslunefndin ákveður, hver lyf skuli notuð við hreinsun, og sjer um að gnótt þeirra sje jafnan til hjá hreppstjóra hverjum. Þeir, sem lyfjanna þurfa, vitja þeirra þangað. Aðvirði lyfjanna greiðist úr sýslusjóði. Baðlyf útvega hundaeigendur sjálfir á eigin kostnað.

4. gr.

Eftir hverja hundahreinsun samkvæmt 1. gr. skal búandi hver og húsráðandi senda hreppstjóra sínum innan 10 daga skýrslu um hreinsunina, gjörða eftir fyrirmynd, er sýslunefndin semur. Skýrslan skal vera undirskrifuð af þeim er annast átti um hreinsunina, og á hana ritað vottorð viðstadds afbæjarmanns. Bæði skýrslan og vottorðið skal gefið að viðlögðu drengskaparorði.

5. gr.

Ef hreppstjóri hefir eigi 12 dögum eftir lok þess mánaðar, er hundahreinsun átti að fram fara í, fengið frá einhverjum skýrsluskyldum löglega skýrslu um hreinsun hunda á heimili hans, skal hreppstjóri þegar ganga eftir henni. Dragist þá enn í 10 daga án löglegra forfalla að senda hreppstjóra skýrsluna, varðar það sektum, og ber hreppstjóra að tilkynna sýslumanni tafarlaust vanrækslu þá. Fyrir lok hvers almanaksárs sendir hreppstjóri hver sýslumanni allar hundahreinsunarskýrslur úr hreppnum það ár, og skulu þær lagðar fyrir næsta sýslunefndarfund til athugunar.

6. gr.

Skýlt er öllum mönnum að varna því svo sem verða má, að hundar nái að jeta sulli eða nokkuð ósoðið af innýflum eða kjöti alidýra. Einnig skal gæta þess að hundar komist ekki í matarílát, vatnsílát eða vatnsból; að þeir hafist eigi við í baðstofum eða búrum, og að börn leiki sjer eigi við þá. Þessar og aðrar nauðsynlegar varúðarreglur gegn sullaveiki skulu bæði heilbrigðisnefndir, þar sem þær eru til, og hreppstjóri hver brýna fyrir mönnum á hverju hrepps-skilapingi og endrarnær, er tilefni og tækifæri er til.

Við slátrun í kauptúnum og við sláturhús eiga þeir, er fyrir henni standa (kaupmenn, verslunarstjórar, sláturstjórar) sjerstaklega að gæta þess, að fylgt sje varúðarreglunum í fyrstu málgrein þessarar greinar.

7. gr.

Sýslunefndin eða oddviti hennar getur eitt ár eða fleiri ár hvert eftir annað falið einum manni, karli eða konu, í hreppi að hreinsa alla hunda í þeim hreppi, og losast þá búendur og húsráðendur við það á því eða þeim árum. Skýlt er manni, ef hann er eigi öðrum háður sem hjú, að taka móti kosningu til þessa starfa 3 ár samfleytt.

8. gr.

Hundahreinsari hvers hrepps (7. gr.) tilkynnir búendum öllum og húsráðendum með nægum fyrirvara, hvar og hvenær hreinsunin skuli fram fara. Hreppstjóri útvegar staðinn og sjer um útbúnað og áhöld þar eftir leiðarvísinum. Kostnaður við það greiðist af hundaeigendum með jöfnu gjaldi á hvern hund. Hreppstjóri innheimtir gjaldið. Búandi hver og húsráðandi er skyldur til að koma öllum hundum af heimili sínu, einnig flækingshundum, á hreinsunarstaðinn á tilteknum tíma, og hjálpa til við hreinsun þeirra eftir þörfum.

9. gr.

Hreinsunarmenn skulu fyrir hver árslok gefa sýslumanni nákvæma skýrslu um hundahreinsun sína það ár, og skal hún gefin eftir fyrirmynd frá sýslunefnd. Einnig skulu þeir tilkynna honum, ef einhver hefir skotið hundi undan hreinsun. Skýrslur þessar skulu lagðar fyrir sýslunefndina til athugunar á næsta fundi hennar.

10. gr.

Hundahreinsarar, er sýslunefnd eða sýslunefndaroddviti skipar, fá að launum 40 aura fyrir hvern hund, er þeir hreinsa samkvæmt reglugjörð þessari. Þóknun sú greiðist af hundaeigendum eftir sömu reglu og segir í 8. gr. Hreppstjóri innheimtir gjaldið.

11. gr.

101
13. okt.

Heimilt er sýslunefndinni að verja eitthvert ár úr sýslusjóði alt að upphæð alls hundaskatts í sýslunni næsta ár á undan, til þess að fá hæfan mann til að rannsaka árangur af hundahreinsunum, og hvort sullameinsvaldur (*taenia echinococcus*) og vankavaldur (*t. coenurus*) muni vera í mörgum hundum í sýslunni, og til að gefa ráð og leiðbeiningar til varnar gegn sullaveiki. Fje í þessu skyni má veita eftir sömu reglu 10. hvert ár.

12. gr.

Sýslumaður skal ganga ríkt eftir skýrslum þeim, er honum eiga að sendast eftir reglugjörð þessari, og hafa vakandi auga á, að hún sje ekki brotin að ósekju.

13. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða 1—10 kr. sekt, er rennur í sýslusjóð. Með mál útaf slíkum brotum skal farið sem opinber lögreglumál.

14. gr.

Reglugjörð þessi kemur í gildi 1. sept. 1914, og fer fyrsta hundahreinsun eftir henni fram í nóvembermánuði sama ár. Reglugjörð fyrir Mýrasýslu um hreinsun hunda af bandormum og aðrar varnir gegn sullaveiki frá 26. apríl 1900 er frá sama tíma úr gildi numinn.

Samþykkt af sýslunefnd Mýrasýslu á fundi 23.—26. mars 1914.

Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 8. okt. 1914.

Björn Þórðarson,
settur.

Leiðarvísir

um hreinsun hunda í Mýrasýslu af bandormum.

1. Sýslunefndin, eða sýslumaður fyrir hennar hönd, ákveður í samráði við lækni, hver lyf skuli gefin hundunum inn til hreinsunar, hve lengi þeir skuli sveltir á undan, hve lengi þeim skuli haldið inni eftir inngjöf, og annað nánara um tilhögun við hreinsun.

2. Eigi má hunda hreinsa í híbýlum manna og eigi í fjósi nje fjárhúsi.

3. Meðan á hreinsun stendur, skal hver hundur vera sjer í klefa, er hann getar eigi sloppið úr af eigin rammleik. Klefi sá eða bás ætti helst að vera úr steinsteypu, en ella úr trje, vel sljettur að innan, einkum gólf hans eða botn, svo að auðið sje að rannsaka, hvað af hundinum gengur og að hreinsa klefann vandlega á eftir. Hann verður að vera vel þjettur alt í kring að neðan svo hátt sem nemur fullri hæð hundsins, til þess að ekkert úr hundinum komist út fyrir hann; má því eigi vera sem laupur.

4. Áður en hundur er laus látinn úr hreinsunarklefa, skal baða hann vandlega úr legi, samsettum af 39 mælum af volgu vatni og 1 mæli af kreolíni, eða eftir því hlutfalli. Hundurinn skal vera niðri í baðinu 3 mínútur og má ekkert standa upp úr því annað en vitin. Skal þó einnig dýfa öllu höfðinu niður í baðið tvisvar, en að eins um augnablik. Gott væri og að bursta hundinn með snörpum burstu, einkum að aftan og fætur hans að neðan.

5. Sullameinsvaldur (*taenia echinococcus*) þ. e. bandormur sá, er veldur sullaveiki í mönnum og ýmsum alidýrum, er að eins 4 randir (millimetrar) á lengd eða einn sjötti partur úr þumlungi, og mjór að sama skapi. Hann sjest því ekki nema með glöggri eftirtekt. Af honum stafar hættan. Einungis af því að hann hefir komist úr húndi í menn hafa þeir orðið sullaveikir. Annarar tegundar er vankavaldur (*taenia coenurus*), en er einnig bandormur í húndi, 40—60 cm. á lengd (c. 15—23 þumlungar). Ef hann eða egg hans kemst úr húndi í sauðkind, kemur innan 3 vikna fram í henni vanki (höfuðsótt). Þessar tvær tegundir bandorma hundsins eru þannig afar hættulegar, og er einsætt að gera alt sem auðið er til þess að eyða þeim ormum og varna því, að þeir komist í menn eða skepnur. Þegar því búið er að hreinsa hundana ríður á því að brenna alt, er úr þeim hefir gengið, eða gera það á annan hátt óskaðlegt. En fróðlegt er að rannsaka áður, hvort fyrnefndir bandormar eru í því.

6. Af því sem nú er sagt, er auðsætt, að hundahreinsunarmenn þurfa að fara mjög varlega með sjálfa sig og fót sín, og yfir höfuð gæta allrar varkárni og vandvirkni.

7. Sullameinsvaldur kemur í hundana af því einu, að þeir jeta sulli, sjerstaklega úr lifur og lungum. Og vankavaldur kemur í hundana að eins af því, að þeir ná að jeta heila eða eitthvað úr höfði höfuðsóttarkindar. Ef komið yrði algerlega í veg fyrir þetta, mundu bandormar þessir deyja út og með þeim sullaveiki í mönnum og vanki í sauðkindum. Að vita þetta ætti hverjum manni að vera eitt ærið til þess, að hann telji það nauðsyn og helga skyldu sína, að varna því eftir mætti, að hundar nai að jeta sulli eða nokkurt hráæti, er sullir geta leynst í, og meðan hundar eru enn grunsamir í þessu efni, að þá sje þannig hagað til með þá að sem minst hætta stafi af þeim.

Samþykkt af sýslunefnd Mýrasýslu 23.—26. mars 1914.

Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 8. okt. 1914.

Björn Þórðarson,
settur.

A.**101**
13. okt.**Skýrsla**

um hreinsun hunda af bandormum á

íhreppi ímánuði árið 19.....

Hreinsunardagur.	Tala hunda, er hreinsaðir voru.	Viðstaddur afbæjarnaður.	Varð þess vart, að bandormar kæmu úr hundi, og þá hvort stórir eða smáir? Mun sullameinsvaldur hafa verið meðal þeirra? Sjá 5. lið í leiðarvísunum.

Fleiri hundar, 2 mánaða eða eldri, en hjer eru taldir, voru eigi til á heimili mínu á hreinsunardegi, hvorki heimahuudar, nje flækningar. Í öllu, sem að hundahreinsuninni lýtur, var svo vandlega, sem framast var auðið, farið eftir leiðarvísi þeim, er fylgir reglugjörð fyrir Mýrasýslu frá um hreinsun hunda af bandormum og aðrar varnir gegn salla-veiki. Skýrsla þessi er af mjer gefin eftir bestu vitund. Það votta jeg undir drengskap minn.

..... 19.....

Að framanrituð skýrsla um hundahreinsun á sje í alla staði rjett, það votta jeg undir drengskap minn.

..... frá

101
13. okt.

B.**Skýrsla**

um hreinsun hunda af bandormum í hreppi

í mánuði árið 19.....

Hreinsunardagur.	Hreinsunarstaður.	Tala hunda, er hreinsaðir voru.	Varð þess vart, að bandormar kæmu úr hundi, og þá hvort stórir eða smáir? Mun sullameinsvaldur hafa verið meðal þeirra? Sjá 5. lið í leiðarvísinum. Mun nokkur hreppsþúfa hafa skotið hundi undan hreinsun?

Fleiri hundar en hjer eru taldir komu eigi til hreinsunar. Í öllu, sem að hunda-hreinsuninni lýtur, var vandlega farið eftir leiðarvísi þeim, er gefinn hefir verið til leiðbeiningar við þetta verk.

Skýrsla þessi er gjörð að bestu vitund minni. Það votta jeg undir drengskap minn.

..... 19.....

.....

Að framanrituð skýrsla sje í alla staði rjett, vottum við undir drengskap okkar.

.....

.....